

**Sp.**

**668. Skýrsla**

**[369. mál]**

um starfsemi Íslandsdeildar Alþjóðáþingmannasambandsins á árinu 1985.

**Inngangur.**

Í starfsreglum Alþjóðáþingmannasambandsins segir að árlega skuli taka saman skýrslu um starfið á undangengnu ári. Þar sem það hefur ekki verið gert áður þykir hlýða að gera nokkra grein fyrir samtökunum almennt.

Núverandi formaður Íslandsdeildarinnar er Friðrik Sophusson, en auk hans áttu þar sæti á s.l. ári Ragnar Arnalds, Þórarinn Sigurjónsson og Jóhanna Sigurðardóttir. Auk þessara alþingismanna hafa þau Haraldur Ólafsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Árni Johnsen, Kristín Halldórsdóttir og Svavar Gestsson tekið þátt í starfsemi deildarinnar á síðasta ári.

Á árinu 1985 áttu þeir Friðrik Sophusson annars vegar og Ragnar Arnalds og Svavar Gestsson hins vegar sæti í fulltrúaráði (Council) samtakanna en ritari Íslandsdeildarinnar var Ólafur Ólafsson deildarstjóri.

### **I. Saga og starfshættir Alþjóðþingmannasambandsins.**

Upphaf Alþjóðþingmannasambandsins má rekja allt aftur til ársins 1889 þegar fyrsti fundur þingmannasamtakanna var haldinn í París að frumkvæði Bretans Sir William Randal Cremer. Aldarafmælið er því ekki langt undan. Segja má að mjór sé mikils vísir því að í upphafi áttu aðeins níu þjóðlönd aðild að samtökunum en nú eru þau á annað hundrað talsins. Samtökunum óx brátt fiskur um hrygg og árið 1894 settu samtökin sér starfsreglur og aðalskrifstofu var komið á fót. Samtökin hlutu þá heitið Alþjóðþingmannasambandið (Inter-Parliamentary Union). Starfsemi samtakanna hefur síðan vaxið jafnt og þétt þó að tvær heimsstyrjaldir hafi raskað störfum þeirra að nokkru.

Tilgangur Alþjóðþingmannasambandsins hefur allt frá upphafi verið að stuðla að auknum kynnum fulltrúa þjóðþinga í því skyni að efla samvinnu og frið í heiminum. Á síðari árum hefur mikil samvinna verið höfð við ýmsar stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Þingmannasambandið lætur í ljósi álit á ýmsum alþjóðlegum vandamálum sem upp hafa komið og hefur á marga vegu reynt að stuðla að lausn þeirra.

Aðalstöðvar sambandsins eru í Genf í Sviss en ríkisstjórnin þar hefur viðurkennt það sem sjálfstæða alþjóðastofnun, enda er það alþjóðlegt og hefur innan sinna vébanda fjölmargar nefndir frá einstökum þjóðþingum. Þessar nefndir taka afstöðu til mála ýmist sem ein heild eða einstaklingar innan þeirra enda ráða atkvæði einstaklinga við afgreiðslu mála.

Stofnanir Alþjóðþingmannasambandsins eru þessar helstar:

Þing samtakanna sem ræðir og tekur afstöðu til mála sem fulltrúaráðið (Inter-Parliamentary Council) hefur ákveðið að rædd skuli. Við atkvæðagreiðslu á þinginu hafa aðildarþjóðirnar atkvæði í nokkru samræmi við fólksfjölda, þótt ekki sé fullur jöfnuður því að Ísland hefur þar t.d. 9 atkvæði en risaveldin 22 atkvæði hvort.

Hvert þing kys sér forseta en venja er að velja hann úr hópi þingmanna frá þeirri þjóð sem þingið heldur.

Í fulltrúaráðinu (Council) eiga tveir fulltrúar frá hverri þjóð sæti og atkvæðisréttur er jafn. Ráðið er valdamesta stofnun samtakanna og ákveður hvaða mál skuli taka til meðferðar hverju sinni. Það kys sér einnig sjálft forseta, en hann er nú H. Stercken frá Vestur-Pýskalandi.

Framkvæmdanefndin (Executive Committee) fylgist náið með allri starfsemi Alþjóðþingmannasambandsins og er ráðgefandi fyrir fulltrúaráðið. Í henni eiga ellefu menn sæti og eru tíu þeirra kosnir á þingi samtakanna en formaður fulltrúaráðsins á þar sæti samkvæmt stöðu sinni.

Þingið kys einnig fjórar fastanefndir sem falið er að rannsaka tiltekin mál sem það vísar til þeirra.

Aðalskrifstofan starfar allt árið og sér um allar framkvæmdir á ályktunum samtakanna.

Samtökin hafa jafnan lagt höfuðáherslu á tvennt: Að stuðla að friði og jöfnuði í heiminum og að efla kosin þjóðþing sem er forsenda fyrir aðild að samtökunum.

Á fundum samtakanna hittast þingmenn hvaðanæva að og skiptast á skoðunum um ýmis vandamál á sviði efnahagsmála, félagsmála, menntamála o.fl. Á seinni árum hafa þátttakendur á þingum oftast verið á sjöunda hundruð þingmenn auk starfsmanna.

Alþjóðaðingmannasambandið beitir sér oft fyrir sérstökum ráðstefnum til að fást við og ræða afmörkuð vandamál. Má þar t.d. nefna ráðstefnu sem haldin var fyrri hluta ársins 1985 í Mexíkóborg um afvopnunarmál en einmitt á því sviði hafa samtökin starfað af alefli. Enn fremur var haldin ráðstefna í Kaupmannahöfn í október s.l. um málefni kvenna, þróunarmál og mannfjölgun.

Síðast en ekki síst má nefna störf samtakanna að mannréttindamálum þingmanna. Fyrir þrýsting frá samtökunum hafa ýmsar ríkisstjórnir orðið að láta undan og leysa úr haldi þingmenn sem höfðu verið fangelsaðir eingöngu vegna stjórnmalaskoðana og án dómsúrskurðar.

## **II. Þátttaka af hálfu Alþingis í starfsemi samtakanna.**

Á seinni árum hafa samtökin venjulega haldið tvö þing árlega auk ýmissa smærri funda um skýrt afmörkuð efni.

Af hálfu Alþingis hafa oftast fjórir fulltrúar sótt þingin auk ritara en aðrir fundir þess á milli sjaldnast verið sóttir. Fulltrúarnir fjórir eru valdir eftir ákveðnu kerfi. Stundum hafa fulltrúar þó aðeins verið tveir.

Á þingunum hafa fulltrúar Alþingis haft náið samband og samráð við fulltrúa frá þingum annarra Norðurlandþjóða, enda mynda þau sérstök samtök og skiptast löndin á um að veita þeim forstöðu. Auk þess er Ísland aðili að samtökum vestrænna ríkja innan sambandsins, svonefndra „10 plús ríkja“. Báðir hóparnir halda reglulega fundi á meðan þingin standa yfir og eru þar tekin fyrir þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni.

## **III. Helstu atriði er varða starfsemi I.P.U. árið 1985.**

Að vanda voru haldin tvö þing samtakanna á árinu 1985. Vorþingið var haldið í Lomé í Togo dagana 25.–30. mars. Af Íslands hálfu sóttu þeir Friðrik Sophusson og Svavar Gestsson þingið í Togo.

Fulltrúaráð (Council) samtakanna samþykkti þar ályktun um nauðsyn þess að efla tengsl Alþjóðaðingmannasambandsins við Sameinuðu þjóðirnar, ályktun um umhverfismál, ályktun um heilsugæslu og þróunarmál í Suðaustur-Asíu. Þingið í heild samþykkti síðan ályktanir um nauðsyn þess að létta skuldabyrði fátækustu ríkjanna, ályktun um nauðsyn ráðstafana til að vinna gegn hungri í ýmsum ríkjum, ályktun um málefni Suður-Afríku og ályktun um mannréttindamál.

Haldinn var sérstakur fundur í Mexíkó á vegum samtakanna um afvopnunarmál 28.–31. maí s.l., enda eru þau jafnan mjög til umræðu. Af hálfu Alþingis sóttu þau Haraldur Ólafsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir fundinn. Svo sem venja er á slíkum samkomum var engin sérstök ályktun samþykkt í fundarlok, en forseti fundarins dró saman í lokaorðum sínum helstu atriðin sem fundarmenn höfðu orðið sammála um að mestu máli skiptu varðandi afvopnunarmál.

Haustþing samtakanna var svo haldið í Ottawa í Kanada dagana 2.–7. september. Af hálfu Alþingis sóttu þingið þau Friðrik Sophusson, Þórarinn Sigurjónsson, Ragnar Arnalds og Jóhanna Sigurðardóttir, auk ritarans, Ólafs Ólafssonar. Að venju voru mörg mál til umræðu enda var þingið sótt af fulltrúum 104 þjóða. Forseti samtakanna var kosinn H. Stercken frá Vestur-Pýskalandi. I. El Sayed frá Súdan hafði sagt af sér þegar þingið þar var leyst upp.

Á þinginu í Ottawa voru samþykktar ályktanir um afvopnunarmál og um jafnrétti karla og kvenna en sú ályktun var til áréttingar á ályktun frá 72. þingi samtakanna. Jafnframt voru

samþykktar ályktanir um jafnan rétt ungmenna til menntunar, atvinnu og félagslegs öryggis og um baráttu og varnir gegn ólöglegri sölu og dreifingu eiturlyfja.

Auk þess voru ýmis önnur mál rædd við almennu umræðurnar, svo sem styrjöldin á milli Írana og Íraka en undanfarin ár hafa samtökin lagt sig fram um að finna lausn á deilumálum ríkjanna.

Dagana 31. okt. og 1. nóv. 1985 var haldin ráðstefna norrænu deildar Alþjóðþingmannasambandsins í Kaupmannahöfn. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við UNFPA (United Nations Fund for Population Activities) og fjallaði um hlutverk og stöðu kvenna og um æskufólk og atvinnuleysi. Af Íslands hálfu sátu ráðstefnuna Árni Johnsen og Kristín Halldórsdóttir.

Auk Íslandsgættanna sóttu þessa ráðstefnu fjórir Finnar, þrír Norðmenn, tveir Svíar, sextán Danir, einn Frakki, einn Breti og níu fulltrúar frá IPU, UNFPA og fleiri stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Jafnrétti kynjanna var í hávegum haft á þessari ráðstefnu, bæði hvað varðaði framsögu og almenna þátttöku.

#### **IV. Breytingar á starfsemi og aukið samstarf við Sameinuðu þjóðirnar.**

Á árunum 1984 og 1985 var starfandi sérstakur vinnuhópur á vegum Alþjóðþingmannasambandsins til að gera tillögur um:

- að efla samvinnu IPU og Sameinuðu þjóðanna og benda á leiðir fyrir þjóðþingin til að styrkja starfsemi Sameinuðu þjóðanna,
- að samræma margs konar samstarf þjóðþinga í alþjóðamálum,
- að koma betur til skila ályktunum samtakanna.

Formaður hópsins var I. Pidada frá Indónesíu. Hópurinn skilaði skýrslu sem rædd var og samþykkt á vorþinginu í Togo. Í skýrslunni var tekin ákveðin afstaða til aukinnar samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar og undirstofnanir þeirra, en Alþjóðþingmannasambandið hefur til þessa verið eitt af 32 alþjóðasamtökum sem eru í flokki I af u.þ.b. 700 alþjóðasamtökum sem hafa fast samband við Sameinuðu þjóðirnar án þess að vera á vegum ríkisstjórna. Samþykkt var að sækjast eftir enn nánari tengslum við Sameinuðu þjóðirnar og á síðasta ári voru haldnir nokkrir fundir í samvinnu við stofnanir Sameinuðu þjóðanna, þar á meðal einn í Kaupmannahöfn sem Kristín Halldórsdóttir og Árni Johnsen sóttu.

Í skýrslu vinnuhópsins er lýst áhyggjum vegna vaxandi umsvifa þingmannasamtaka sem byggjast á einstaklingsaðild en njóta fyrirgreiðslu ríkisstjórna. Er þá sérstaklega átt við „Global Committee of Parliamentarians on Population and Development“ og „Parliamentarians for World Order“. Vinnuhópurinn vísaði til fyrri samþykktar Alþjóðþingmannasambandsins þar sem bent er á að þessi nýju þingmannasamtök valdi ruglingi og dreifi kröftunum.

Mikil áhersla er lögð á það í skýrslunni að aukið sé svæðisbundið samstarf innan samtakanna í samvinnu við stofnanir Sameinuðu þjóðanna og lagt til að samtökin setji á stofn sérstakar nefndir til að vinna að brýnum málefnum.

Þessi skýrsla og umræður um hana bera með sér að vaxandi áhugi er á því innan Alþjóðþingmannasambandsins að fjalla um mál í samvinnu við stofnanir Sameinuðu þjóðanna og fjölga smærri svæðisbundnum fundum um alþjóðleg verkefni, enda eru stóru þingin nokkuð þung í vöfum.

Alþingi, 24. mars 1986.

Friðrik Sophusson,  
formaður.

Ólafur Ólafsson,  
ritari.